Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. hstv. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra
Hr. Steingríms J. Sigfússonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

11 . nóvember 2012

Efni: Umsögn Landssambands smábátaeigenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar (stjórnvaldssektir og viðurlög).

Landssamband smábátaeigenda (LS) hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar.

LS leggst eindregið gegn því að frumvarpið verði óbreytt að lögum.
Fari svo eru Fiskistofu færð völd sem er tímaskekkja í nútíma réttarfarsríki, sönnunarbyrgði er að hluta til snúið á hvolf miðað við viðteknar réttarfarsreglur og verulega aukin skriffinnska lögð á aðila án sýnilegs ávinnings.

Umsögn LS um einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. grein:

Það er sjálfsagt og eðlilegt að gera strangar kröfur til þeirra sem hafa vigtunarleyfi og að viðkomandi eftirlitsstofnun hafi auðveldan aðgang að þeim upplýsingagrunni sem þar skapast.

LS gerir athugasemd við orðalag 1. málsliðar greinarinnar, þ.e.:

„Búnaður til vigtunar og hugbúnaður tengdur honum skal vera með þeim hætti að tryggt sé og unnt að ganga úr skugga um að allur afli sé vigtaður..."

LS fær ekki séð hvernig slík krafa fær staðist og setningin missir því marks. Það er ekki nokkur leið til að framleiða *„búnað til vigtunar og hugbúnað tengdan honum“* sem getur tryggt að *„allur afli sé vigtaður“*. LS leggur til að merking þriðja málsliðar verði felld inn i fyrsta málslið og orðunum:

„…tryggt sé og unnt að ganga úr skugga um að allur afli sé vigtaður og skulu…"

tekin út.

Um 2. grein:

LS fagnar því að fært sé úr reglugerð í lög akvæði um báta að 10 og 15 tonnum og afladagbækur á bókarformi.

Á hinn bóginn undrast LS að ekki skuli að öðru leiti hróflað við 9. grein núgildandi laga, þ.e. ákvæðinu sem hljóðar svo:

„Við veiðar á uppsjávarfiski er ekki skylt að skilja meðafla frá uppsjávarafla“.

Vitað er að meðafli er nokkur við uppsjávarveiðar og það af allnokkrum tegundum. Þær athuganir sem gerðar hafa verið eru því miður takmarkaðar og gefa enga mynd af ákveðnum þáttum þessara mála. Margsinnis hefur komið fram að grásleppa er hluti meðaflans en þær athuganir sem gerðar hafa verið hafa aldrei tekið til þess hluta meðaflans sem eru grásleppuseiði, þ.e. grásleppa á stærð við tennisbolta og jafnvel minni.
Í umsögn um fyrstu grein frumvarpsins er vísað til tækniframfara og í því sambandi er rétt að benda á að varla getur það verið uppfynningamönnum ofviða að hanna útbúnað sem flokkar, a.m.k. að mestu, þann meðafla sem fæst við uppsjávarveiðar. Þessi meðafli verður sjaldnast ef nokkru sinni nýttur með sambærilegum hætti og væri hann veiddur við beinar veiðar á viðkomandi tegundum. Hér er því um hreinan fórnarkostnað að ræða og af þeim sökum ætti að vera mikið keppikefli að komast að hinu sanna í þessum efnum.

LS leggur til að 9. grein laganna verði breytt með þeim hætti að við uppsjávarveiðar verði skylt að reyna eftir fremsta megni að skilja frá meðafla, ásamt því að leggja mun meiri áherslu á eftirlit með meðafla við uppsjávarveiðar.

LS vill að auki telja til annað atriði sem ekki er að finna í frumvarpinu. Það er sú staðreynd að enn kemst fiskvinnsla um borð í verksmiðjutogurum upp með að vigta ekki afla áður en þær fara inn á vinnslulínur. Mörg ár eru síðan að viðunandi tækni til þessa var til staðar. Sú mismunun sem aðilar í landvinnslu hafa þurft að þola í þessu sambandi gæti því fyrir löngu verið horfin. LS hvetur Atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðherra til að taka hið snarasta á þessu löngu tímabæra máli.

Um 3. grein:

LS gerir ekki athugasemdir við greinina, en bendir á að orðið „veginn“ vantar aftast í tillöguna um orðalagsbreytingu í 1. tölulið.

Um 4. grein:

LS gerir athugasemdir við hversu mikið sá tími er styttur sem fjallað er um í 2. og 3. tölulið. LS leggur til að farinn verði millivegur, þannig að í stað orðanna „tvo daga eða tvær“ komi fjórir dagar eða fjórar“ (2. töluliður) og í stað orðanna „áttunda degi eða áttundu“ komi „sjötta degi eða sjöttu“ (3. töluliður).

Um 4. , 5., og 6. grein:

LS gerir ekki athugasemdir.

Um 7. grein:

LS mótmælir greininni harðlega.
Í henni er tekið skref til svörtustu fortíðar frá nútíma réttarfari og lýðræðisskipulagi. Með greininni eru Fiskistofu að auki færð völd langt umfram það sem eðlilegt getur talist miðað við skilgreint hlutverk hennar í lögum.

Í greininni segir að það nægi Fiskistofu að hún ***„telji“*** að fyrir liggi ***„rökstuddur grunur“*** um lögbrot, til að hún geti skapað þeim sem eftirliti lýtur ***stöðu grunaðs***, sem og ***fjárútlátum***. Með slíku fyrirkomulagi er verið að snúa á haus viðtekinni venju um sönnunarbirgði, þ.e. að viðkomandi er saklaus uns sekt er sönnuð.

Það veit hvert mannsbarn á Íslandi að umræðan um sjávarútveginn hefur verið honum fjandsamleg, nánast sama um hvað ræðir. Þessi umræða fer að stærstum hluta fram í umhverfi sem er mótað af þeim einstaklingum og hópum sem til fjölda ára hafa haft hæst um málefni greinarinnar en tiltölulega lítið komið nálægt henni. Svo hatrömm er þessi umræða á köflum, að það á vel við sem sagt hefur verið að hver sá sem leysir fiskibát frá bryggju á Íslandi, hafi frá þeirri stundu réttarstöðu grunaðs.

Þeir sem betur þekkja, vita að innan atvinnugreinarinnar eru daglega unnir sigrar, litlir sem stórir, á sviði bætrar aflameðferðar, vöruvöndunar og markaðssetningar.
Að ætla Fiskistofu að starfa undir ákvæði þess eðlis að hún geti svo gott sem dæmt menn með ákvæðum 7. greinar er algerlega óviðunandi. Fiskistofu er ætlað að gegna eftirlitshlutverki, en ekki hlutverki lögreglu eða dómstóls.

Það er og einkennilegt að hvorki í greininni né í frumvarpinu er fjallað um framhald máls þar sem ***„rökstuddi grunurinn“*** reynist hjóm eitt. Væri ekki eðlilegt að Fiskistofa endurgreiddi viðkomandi, eða er það næg afsökun fyrir því að hún haldi féinu að hún ***„taldi“*** sig hafa ***„rökstuddan grun“***?

Um 8. grein:

LS gerir ekki athugasemdir.

Um 9. grein:

LS hefur ekkert við það að athuga að aðilar gjaldi þess að fara ekki að settum reglum. Engu að síður hefur LS efasemdir að 9. grein sé til mikilla bóta. Margir þeirra töluliða sem um ræðir eru vandmeðfarnir og þær aðstæður geta skapast að aðilum er hreinlega ómögulegt að vinna eftir þeim. Nokkrir töluliðanna eru að auki háðir mati Fiskistofu.
Sem dæmi skal tekinn fyrri hluti 1. töluliðar:

„hagar veiðum þannig að afli skemmist í veiðarfærum…“

Grásleppuvertíðin hefst í marsmánuði og er svo til einungis stunduð á smábátum. Því miður kemur það fyrir að veður hamla því að hægt sé að vitja um netin, svo dögum skiptir og í verstu tilfellum lengur. Í slíkum uppákomum er hvorki um „ásetning“ eða

„gáleysi“ að ræða. Engu að síður myndi málið flokkast sem „brot“, hvort sem stjórnsýsluviðurlögum yrði beitt eða ekki.

Vissulega er um það fjallað í greininni af hvaða ástæðum hægt er að fella niður mál í stað þess að leggja á stjórnsýsluviðurlög. LS dregur engu að síður í efa að eðlileg réttarstaða þeirra sem greinin beinist að sé tryggð.

LS vill einnig gera alvarlega athugasemd við þær gríðarlegu hækkanir á sektum sem boðaðar eru í 9. grein. Hámarkssekt er þar hækkuð tæplega 19-falt í tilfellum lögaðila og rúmlega 6-falt í tilfellum einstaklinga. Sektir eru góðar og gildar og eiga eðli máls samkvæmt að reyna á þolrif þeirra sem fyrir þeim verða. Þær eiga hinsvegar ekki að geta orðið til þess að aðilar séu beinlínis gerðir gjaldþrota.
LS leggur til að ráðuneytið endurskoði sektarákvæði 9. greinar og lækki hámarksákvæðin umtalsvert.

LS leggur að auki til að aðilar geti skotið ákvörðunum um stjórnvaldssektir til ráðuneytisins, sem og dómstóla.

Um 10., 11., 12 og 13. grein:

LS gerir ekki athugasemdir en vísar varðandi 13. grein til þess sem fram kemur í formála sem og umsögn um 7. grein.

Virðingarfyllst
f.h. Landssambands smábátaeigenda

Arthur Bogason
formaður